Kemur út
3ja hvern L.d.
ekki minna
en sex þrós sp.
arkir sem


## Sveitarblaðið


Skrifleg
uppsögn
Ógild nema
komin sé til
ritnefnd. f. 21. ...


# Fjallfari.


| | | | |
|---|---|---|---|
| 5. Ár | 3 Kerfi | 1. Blað | Nr 5. |

Veðramót L.d. 22/1 1905


## Ritnefnd:


Jón J. Björnsson  Sig. H. Björnsson

Sölvi Guðmundsson

# Páll Briem

## amtmaður

Til þessa hefir sveitarblað vort leitt hjá sér að minnast mannláta og annara almennra frétta, og tíðinda. — Nú hefir það að borið að vér hljótum að víkja frá þessari reglu, og í örfáum orðum votta það að félag vort, sem ofurlítill hluti hinnar íslenzku þjóðar fylgist í einlægri hluttekningu með í þeim sorgaratburði er skeð hefir. — Fréttin með yfirskriftinni: „Páll Briem amtmaður dáinn“ ríður að höfðum manna út um land allt, eins og þruma úr heiði, eins og snöggt svipvindi, eins og gagntakandi aðsvif. — Já! ekki einungis fyrir mig heldur og fyrir marga aðra ef ekki fjöldann af öllum fulltíða

Íslendingum fullyrði ég að þessi sár hafi sem bitrust sverð fundið leið að hjartarótum vorum, og marki hinar innilu tilfinningar varar djúpsettu sári hjartanlegs saknaðar. — Í sannleika eru það líka ofureðlilegar afleiðingar og ég vil segja að oss væri annars illa og óskiljanlega farið — oss sem manna lengst og mest höfum notið ávaxtanna af þeirri aðdáanl. mikilvirku starfsemi sem hönd, máttarins hefir nú þóknast að stöðva, svo fljótt og svo óvænt. — Það hneykslar suma menn að heyra lofum látinn mann, en ég vil segja að jafnframt því sem oss ber að láta sama mannkosti njóta sammælis að manninum lifandi, þá beri oss eins, og ef ekki fyr, þá að minnsta kosti þá þegar starfinu er lokið, og dagsverkið liggur fyrir, til að vera mælt og vegið

í einni heild, að gefa gaum því sem einhvers er vert. Það hlýtur að halda verðugri minningu hins látna í heiðri en miklu fremur er það æskilegt og lofsvert vegna þess að það ber vott um ósljóvgaða þakklætistilfinningu starfandi og skynjandi mannelis sem sé í framtíðinni líklegt til að notfæra sér ávextina af hinum endaða lífsstarfi burtkallaðs mikilmennis og ennfremur hafi hvetjandi áhrif um leið, því tilfinningin fyrir þörf nauðsyn þeirra umbóta er þegar eru gjörðar og starfsþrá í sömu átt fer oft saman.

<u>Páll Jakob Eggertsson Briem</u>

hét hann fullu nafni, þetta sárt saknaða mikilmenni vinnar samtíðar. Hann er fæddur 19. okt. 1856. Varð stúdent 22 ára. Kandidat í lögum 28 ára (I. eink.) Stundaði síðan íslenzkt laganám um hríð einkum réttarsögu Íslands, og

hefir því ótalað einnig þessu. verið
einn allra helzti, og farsæli lögfræð-
ingur var. - Varð sýslumaður í Dala
sýslu 30 ára. Málaflutningsmaður
við landsyfirréttinn 31 árs. Sýslu-
maður Rangvellinga 34 ára, og amt-
maður Norðlendinga 38–48 ára þangað
til það embætti var lagt niður s. l.
sumar, þá kvaddi hann aptur sitt
kæra Norðurl. Hafði rétt áður verið kos-
inn þingmaður Akureyrar. Fluttist
þá til Reykjavíkur, og var kjörinn lög-
fræðisl. (juridiskur) bankastjóri við
Íslands banka, og næsta ár var
honum ætlað að taka við forstöðu
Landsbúnaðarfélagsins. En Laugar-
daginn 17. Des. 1904. gjörði skjótan enda
á öllum framtíðar áformunum. og
öllum þeim glæsil. og björtu vonum
er undanfarin æfi og iðja þessa manns
hafði gefið íslenzku þjóðinni tilefni

til að byggja á honum. Hann dó
rétt eptir hádegi eptir 5 daga legu í
lungnabólgu. Rétt eptir hádegi æfi
sinnar einnig - að minnsta kosti frá
voru sjónarsviði skoðað. Einmitt
laust eptir byrjun þess tímabils manns
æfinnar, sem yfirleitt virðist skilja
eptir næst af hinum stærstu, og
dáðríkustu afrekum mikilhæfustu
mannanna.

Vér höfðum fæstir persónulega
þekkingu til neinna manna af Briem
Hinir er hennar nutu geta því byggt
á henni greinilega lýsingu á honum
sem manni. Hafa þeir hinir allra
kunnugustu, og færustu þegar gjört
það í fám, fögrum, og sjálfsagt sönnum
og réttum orðum. Mun fáum af oss detta
í hug að véfengja sannleika þeirra og
réttmæti. Því engum ætti að vera
það auðskildara en oss, sem hin útvöldu

10 árin vorum undirmenn hans, og
nutum stjórnar hans, að slík skyldu-
rækni, og umhyggja; slíkur eldheitur
áhugi, og óvanal. mikla starfsþol í
ræðu og riti, í fyrirskipunum til fram-
kvæmda, og hin víðtæka hluttaka í öll-
um stórmálum vorum, hafi hlotið að grund-
vallast á sönnum mannkostum, á
efldum trúar og siðgæðiskrafti, óvana-
lega víðtækum gáfum og þekkingu,
á heitri þjóðar og ættjarðar-ást, og á
ótakmarkaðri starfsþrá, í þjónustu
lands síns og þjóðar. Merkin sýna
verkin, og framkvæmdirnar sýna
manngildi hins látna. Og þó höfuð
forusta hans fyrir þeim nauðsynja-
málum í sínu amti er hann svo
að til mestrar blessunar hlutuð
leiða. Nægir að benda til hinna víð-
tæku, og áhrifa miklu afskipta
hans fyr og síðar af stjórnarbótarmál.

af verzlunarmálum, alþýðu mennta-
málum, skógræktarmálum, forgöngu
hans fyrir stofnun Landsbúnaðar-
félagsins, og Landsbanka [ved] deildar-
innar, viðreisn Hólaskóla, afskiftum
af Ræktunarfél. Norðurlands, og nú
síðast hinar röggsamlegu framkv. til
útrýmingar fjárkláðanum. Að öllu
því athuguðu, og að sleptum öllum
illkynjuðum þekkingarleysis, æsinga-
og öfundargetsökum, ókunnandra
andstæðinga, sem hann komst
ekki hjá fremur öðrum, þá getur ekki
frá mínu sjónarmiði, leikið nokkur
vafi á því að meiri og sorglegri frétt
hefði ekki getað borist hinni ísl.
þjóð í eins manns láti heldur en í
andlátsfregn Páls Briems.

„Eða fósturfoldin hans
hví vill drottinn dýrðarríkur
að duftinu verpi jafnskjótt slíkur
andi hennar mesta manns?

meti hann það mikils, því það
álíta menn yfirleitt allt það er
þeir hafa mætur á. Enginn vill
heldur að aðrir lítilsvirði, það sem
hann mikilsvirðir. – Af þessu
leiðir að bóndinn fylgist vel með
í öllu því sem áhrærir landbúnað-
inn, og reynir að leggja sinn skerf
til umbótanna.

A. – Þetta verður til að vekja áhuga

Erfiðleikar mæta sífellt meiri og minni
í hverju einu, en til þess að yfirvinna
þá, þarf áhuga, og áhuginn kemur af
trú á ágæti þess sem að er keppt, og
voninni um að takast kunni að
ryðja erfiðleikana, og ná settu takmarki.
Þetta á við alla, og ekki síst við
bóndann því oft mæta honum
erfiðleikar, í stöðu hans, eigi síður en
margs annars. En hafi hann áhuga og
trú, þá getur hún ef rétt er að farið
lagt í baráttu við erfiðleikana og sigrað þá

Áhuginn kennir bóndanum að beita sér

B. – Að efla þrek

Þegar nú áhuginn hefir komið bónd-
anum í baráttu við erfiðleikana og
andstreymið er mæta honum á vegi hans
þá þarf hann á þreki að halda. En
þetta þrek fær hann eins og áhugann
því að eins að hann hafi mætur á
starfi sínu. Hver sigur er hann vinn-
ur á erfiðleikunum, eykur traust
hans á sjálfum sér, og þrekið er hann
þarf til að leggja til nýrrar baráttu
og vinna sigur á sigur ofan. Munið
það að bóndinn gugnar því að eins
ekki fyrir erfiðleikunum, og verður
sigraður af þeim í stað þess að sigra
þá að ekki bresti hann þrekið

C. Að gjöra stefnufestu

Sá einn sem hefir mætur á stöðu sinni
og starfi, vill eigi breyta til þó annað
bjóðist. – Bóndinn vill því að eins
vera bóndi, og ekkert annað að hann

hafi mætur á starfi sínu. En þá er
líka stefnufesta hans sem bónda
komin undir því sama. Aðalstefna
er föst, þegar hann hvorki vill né ætlar
að vera annað en hann er. En auð-
sætt er það hve miklu meiri hvöt
sá hefir til að leggja alúð við starf sitt
sem byggir alla framtíð sína á því
hve vel það tekst, en hinn sem ætlar
sér að hverfa frá því hvenær sem
færi býðst. Stefnufestan er því eitt
af því er **mjög** mikið styður að
vel farnan bóndans.

Áhugaleysi, þrekleysi og stefnuleysi
verða förunautar þess bónda sem
ekki hefir mætur á starfi sínu, en
stundar búskap af því ekki er á
öðru völ.

## II.

## Að vera þessum kostum búinn

### a. Stjórnlagni

Bóndinn hefir alltaf meira eða minna
af vinnuafli yfir að ráða. Auk
skylduliðs síns, hefir hann oft fleira
eða færra af hjúum eða daglaunafólki.
En hvað mikil not hann verða af
þessum vinnuafla, er mjög mikið
komið undir stjórnlagni hans.

Það kalla eg stjórnlagni að fá verka-
fólkið til að vinna með fúsum vilja
og af áhuga, svo mikið, og vel sem ástæður
leyfa. En þetta er vandi, og er óhætt
því miður að fullyrða að marga af
bændum vorum vantar nauðsynl.
stjórnlagni. — Stjórnlagni liggur að
vísu í eðli sumra manna eða einsog
sprettur af hæfileikum þeirra, til að
fá aðra til að hlýða sér ósjálfrátt.

En svo eru aðrir nær að segja gjör-
sneyddir allri stjórnlagni. Það mun
nú að vísu satt, að ekki sé gott að
kenna fólki stjórnlagni. Það mun
~~nú að vísu satt~~, en þó segir gamall
málsháttur, að vaninn sé mannsins annað
eðli.

og væri þessvegna ekki óhugsandi ef einhver maður væri vaninn á að stjórna vel og skynsaml. að hann yrði nokkurt snjall í þeim sökum. Eg skal hér nefna nokkur atriði viðvíkjandi stjórnlagni bóndans.

1. Sá sem á að kenna öðrum að hlýða, verður að kunna að hlýða; því það er ætíð skilyrðið til að geta kennt að kunna sjálfur það er kenna skal. Það er engin hlýðni þó verkmaðurinn gangi að verkinu sem vinnuveitandinn leggur fyrir hann, og gjöri það með hangandi hendi og nauðung. — Sönn hlýðni kemur af lifandi tilfinningu fyrir þeirri skyldu að fullnægja beri réttmæti skipun.

2. Sérhver skipun þarf að vera ákveðin, og gefin með alvörugefni og krókalaust. — Íslenzkur talsháttur segir: Enginn er barinn er hús bóndans

skipun gerir. En til þess að hægt sé að gjöra það sem skipað er þarf skipunin að vera ljós og ákveðin. Án þess að svo sé er verkmaðurinn í meiri eða minni vafa um hvernig skipuninni verði bezt fullnægt, en þetta tefur verkið, og getur ekki vakið þá ánægju, að geta fullnægt skipuninni eins og fyrir var lagt.

Það er mikill munur hvort bóndinn segir við hjú sín: „Það er nauðsynlegt að eg biðji ykkur að gjöra svo vel og gjöra þetta, (sem hann nefnir) og þér eigið að gjöra það þannig því svona þarf það að gjörast. Eða hann segir: Eg held ef til vill að eg ætti að biðja ykkur að gjöra þetta fyrir mig og það er ef til vill bezt að gjöra það þannig. — Í því fyrra liggur beinan hógvær, og ákveðin skipun, og þessari skipun fylgir alvara, stafandi af viðurkenningunni um þörf verksins,

og nauðsyn þess að skipuninni sé hlýtt.
Hjúin hafa því að vita að ganga
En hið síðara er svo óákveðið þar
sem sagt er „ef til vill“ að vafi getur
leikið á hvort hún eigi að hlýða. Ár-
angurinn af óákv. skipuninni er því
oft sá að þó verkið sé unnið, þá er það
bæði dýrara og ver af hendi leyst.

3. Enginn er verkstjórnar má láta hjá líða að finna að þegar þörf gjörist

Finni bóndinn ekki að, þegar þörf
gjörist, gjörir hann hjú sín hirðu-
laus. En öll aðfinnsla þarf að vera
hógvær, og reiðilaus, en alvarleg ef
hún á að hafa æskileg áhrif.

Venjuleg aðfinnsla má þó ekki
eiga sér stað við hverja smá yfir-
sjón eða galla á verkinu, það nægir
að benda á það með hógværð, svo
verkamaðurinn sjá að tekið sé eftir því.

4. Að verkstjórinn láti í ljósi ánægju sína yfir vel unnu verki.

Það vekur velvild hjá hjúunum
og er þeim uppörvun, þegar þeim
er þakkað fyrir vel unnið verk. Eins
og illa unnið verk á álas skilið, eins
á vel unnið verk hrós skilið.

b. Verkhyggni og verklægni

Það köllum vér verkhyggni sem
öðrum fremur sér, hvernig verkið verði
unnið fljótast og með minnstri fyrir-
höfn. — Verklægni kemur í veg fyrir
tímaeyðslu að óþörfu, að hverju sem
unnið er, og hún gefur þeim er hana hafa
yfirburði yfir verkamennina, sem þeir
mikilsvirða og beygja sig fyrir. Verk-
hyggni, samfara verklægni, kemur
bóndanum oft vel og hvorugs má
hann án vera.

c. Reglusemi

Það er svo margt í starfi bóndans er
heimtar reglusemi, að þessi kostur
má heita ómissandi. — Óregla á heim-
ilisstörfum eða heimilisstjórn hefur

á sér illar afleiðingar. — Ef eigi er regla á þann hátt, að hver hlutur sé látinn á sinn vissa stað, þá verður opt löng leit, og margar snúningar af þessu leiðandi, og þessi tími eyðist frá nytsömum störfum.

Sé eigi gætt fastrar reglu með skepnuhirðinguna, þá leiðir þar af óþörf fóðureyðsla, og vanþrif skepnanna en slíkt er bersýnilegt tjón fyrir bóndann.

### d. Viðskiptahyggni

Henni má skipta í 2 flokka, innanbúsviðskiptahyggni, og utanbúsviðskiptahyggni. — Innbyrðis viðskiptin eru þau þegar bóndinn skiptir við sínar eigin búgreinar innbyrðis en útbyrðis er það þegar bóndinn skiptir við umheiminn á sínum búsafurðum, en það sem bóndinn á sér þarf að hafa hugfast við viðskiptinum eigin búsafurðum, og viðskiptum er: — 1. Að selja helzt frá búi sínu það sem hæzt gangverð er á samanborið við notagildi þess, en kaupa helzt það sem lægst gangverð er á, samanborið við notagildið. 2. Að selja aldrei svo mikið af þeirri vöru frá búinu, sem nauðsynleg er til heimilþarfa, að skortur verði á henni, nema því aðeins að samskonar efnasambönd fáist keypt jafnframt mikið lægra verði í annari vöru, er fáist keypt yfir þörfinn, svo að úr skortinum verði bætt. 3. Að kaupa aldrei þá hluti er alls óþarfir eru hversu ódýrir sem þeir eru því sá sem kaupir slíka hluti má búast við að vera án einhvers þess er brýn nauðsyn er að hafa. 4. Að selja og kaupa svo mikið að hentugt fæði fáist sem tök eru á.

### e. Sparsemi

Hún er nauðsynleg hverjum manni er sjálfstæður vill vera. Án sparsemi

safnast ekki auður, en sparsemi og reglusemi hjálpast að að gjöra manninn sjálfstæðann, og auðugann.

Þessir tveir kostir eru jafnan samnautar, og kemur það til af því, að reglusemin er í rauninni ekki annað en þáttur úr sparseminni. — Eyddu engu sem ekki er þörf á er fyrsta grundvallarregla sparseminnar x)

Vegurinn til auðsældarinnar er vegur sparsemdarinnar. –

## 7. Þrifnaður og hirðusemi.

Þrifnaður hefir ætíð og allstaðar mikla þýðingu, og ekki síst fyrir bóndann. Auk þess sem þrifnaðurinn gjörir heimilið fagurt og aðlaðandi, þá veitir hann meira fé beinlínis en margur hyggur. Óþrifnaður á skepnuhirðingu veldur vanþrifum dýranna, og afurðamissir svo miklu nemur. Skítug kýr mjólkar

x) Sparsemi er allt annað en nízka. Sparsemin er kostur en nízka skaðl. ókostur.

minna en væri hún hrein, þó allt annað sé jafnt x). Úr hreinni kú má fá hreina mjólk en aldrei úr óhreinni kú. Gott smjör fæst aldrei úr óhreinni mjólk. — Þrifnaður konunnar hefir síst minni þýðingu en þrifnaður bóndans, og það mun sanni næst að segja að ómögulegt sé þeim bónda að búa vel sem hefir óþrifna konu og hirðulausa hve góðum kostum sem hann er gæddur. Og sé ekki þörf á að fjölyrða um hirðusemi því hún er þrifnaði ætíð samfara.

x) Hollendingar hafa hinar beztu mjólkurkýr enda hafa þeir svo mikinn þrifnað í fjósum sínum að mörgum mundi virðast þau líkari skrautstofum en penings húsum. Á undan mjöltum eru júgur kúnna þurkuð með hreinu handklæði, og eigi mega óhreinindi sjást á höndum eða fötum þess er mjólkar. Mjaltafötin eru hvít, svo [illegible] sjái á þeim. Í öllu öðru eru Hollendingar fyrirmynd í þrifnaði og búmennsku ágæti.

# III.

## Að hafa talsverða þekkingu

### a. Á verknaði

Það liggur í augum uppi hve afar þýðingarmikið það er fyrir þann er fyrir verkum á að segja, að hann sjálfur kunni það verk er vinna á, í það og það skiptið, því oft er því svo varið að ekki nægir að segja fyrir um verkið heldur verður verkstjórinn að sýna sjálfur hvernig það skal gjörast, svo rétt sé, en til þess þarf hann að hafa þekkingu á því hversu þýðingarmikið það sé fyrir þann er verksins á að njóta að það sé gjört svona en ekki hinsvegar. –

Verk þau er vandasöm eru, og allan fjölda vantar kunnáttu í verður bóndinn að læra svo vel að hann geti kennt þau ef á þarf að halda. Ekki má hann heldur lítilsvirða kunnáttu á þeim verkum er álitið er að allir kunni, því oft er kunnátta á þeim verkum miklu minni en alla mætti, þó menn þykist kunna þau og er þessvegna nauðsynlegt fyrir bóndann að kunna þau svo vel, að hann geti bætt úr göllunum ef á þarf að halda. – Þetta á sérstakl. við þau verk sem algengust og lítið álit fylgir, en sem eigi að síður geta verið mjög mikilsverð. T. d. kúahirðing og mjaltir.

### b. Í bókfræðum

Það er bóndanum sem öðrum nauðsynlegt að vera dálítið að sér í bókfræðum því sú þekking er honum bæði til heiðurs og uppörvunar í öllum hans störfum, bæði leynt og ljóst, beint og óbeint. Sérstaklega skal eg benda á reikningsfræðsluna sem ómissandi fyrir bóndann, því hún er honum eigi aðeins nauðsynleg í viðskiptum við menn úti frá, heldur og einnig til þess að geta metið rétt hvað ábatavænlegt er fyrir bóndann

af því er hann tekur sér fyrir hendur.
Mörg og fleiri atriði mætti ~~mætti~~
taka ~~hér~~ fram sem nauðsynleg fyrir
nýtsaman bónda, sérstaklega viðvíkjandi
þekkingu bæði í Eðlisfræði, Líffærafræði
Dýrafræði, Efnafræði, og Grasafræði
og fleirum fræðigreinum. En bæði
vegna þess að eg er orðinn nokkuð
langorður, og vegna tímans, þá end-
eg hér við og bið menn að taka
til athugunar það sem á undan
er farið.

Yeðli

# Decimalvigtin

Allt það sem að einhverju leyti
miðar til þess að greiða fyrir atvinnu
vegum vorum eða einhverjum grein-
um þeirra, — yfir höfuð allt það sem
er þess eðlis að geta styrkt rétt og eðli-
legt samband hinna sjálfstæðu atvika
í lífi voru, það hefir þýðingu fyrir oss
til gagns að meira eða minna leyti.
Einn sterkasti þátturinn í félagslífi
voru er það sem vér köllum verzluna-
eða viðskiptalíf. Allstaðar í mann-
legu félagi viðgengst það í stærri eða
smærri stíl, og því meiri blóma sem
atvinnuvegirnir standa, því efldara og
fjörugra er viðskiptalífið. Í öðru lagi
krefst ein atvinnugrein eptir eðli sínu
meira og örara viðskiptalífs en önnur
bæði útá við til annara greina, og einnig

innbyrðis í ýmsum atriðum framleiðslunnar. Er landbúnaðurinn án efa flestum ef ekki öllum atvinnuvegum fremri í þessu tilliti einkum að því er snertir margbreytni innbyrðis viðskifta, og einmitt þetta er ein aðalorsök þess, bæði hversu mikillar hugsunar og skarpskyggni hann krefst, hversu sjálfstæður og óháður hann getur verið, og ekki síst hversu mikla ánægju, og fjölbreyttar nautnir hann getur veitt, flestum ef ekki öllum atvinnuvegum fremur.

Í sambandi við viðskiptalíf vort stendur það að vort dagl. líf er sífelt háð stærðarhlutföllunum. Þau finnum vér með reikningskunnáttunni, sem oss er því í þessu tilliti alveg nauðsynl. En slík hlutföll stærða, byggjast auðv. á ákveðnum stærðum, og þær verðum vér því fyrst að þekkja. Það gjörum vér með þrennu móti: talningu, mælingu

og viglun. Af þessu er auðsætt, að þau verkfæri sem til þessa eru notuð leggja grundvöllinn undir viðskiptalíf vort, og að til þess að það sé á hreinum og vissum grunni byggt, þurfa þau áhöld öll er ákveða stærðir að dæma rétt, og segja oss sannleikann.

Svo það geti orðið þurfa þau að vera innbyrðis samkvæm, [2] óháð öllum ytri áhrifum, og [3] ekki síst svo gjörð að vér getum fljótt og skýrt séð ákvæði þeirra, og skilið á hverju það er byggt er vér sjáum. — Þetta á einkum við viglunaráhöld, því þau eru miklu fremur en dylgs mælingaáhöld, byggð á vélafræðislegum lögum. Sérstaklega getur þessu verið svo varið (eink. að því er síðasta atriðið snertir) með þá vog sem nú tíðkast mest við viglun á öllum verzlunarvörum, hina svokölluðu „Decimalvigt". Hún má nú orðið heita „hæstaréttardómari" um allt það vörumagn búsafurðanna, sem

í kaupstað er látið, og [nær] alla þá útlendu nauðs-
vöru er vilji vor og þarfir krefjast, að taka þar
til búanna. Hún hefir að hinu leytinu svo
samsetta byggingu (að m. kosti í fljótu bragði séð)
er tæpl. má búast við að ókunnir skilji
á augabragði til hlítar, og þetta leiðir jafn-
vel hjá sumum til tortryggni á rétt-
mæti vigtarinnar, og getur því vakið
rangan grun um að henni sé viljandi
eða óviljandi óréttilega beitt, og farið
þannig að líkum og venju að réttum hug-
myndum sé hvolgjarnt um það er vér
ekki skiljum. Það er þessa alls vegna
að mér hefir fyrir löngu dottið í hug að
minnast hér á vigt þessa og reyna eftir
föngum að koma þeim í skilning um
byggingu hennar er hafa [kynnu] að meira eða
minna leyti aðeins óljósa hugmynd um
það, og því fremur sem áhald þetta
vinnur svo þýðingarmikið starf í þarfir
viðskiftalífs vors, þá vona eg að lesendurnir

sýni þeirri viðleitni minni það til-
illæti að athuga orð mín, og útskýring-
ar tilraunir, og eg hefi það álit á báðum
aðilum að tilganginum verði fyllilega
náð frá báðum hliðum, því þetta er
ekki það „vélaverk" að vorri heilbrigðu
skynsemi sé ofvaxið að skilja.

Ef vér tökum beina stöng og hengjum
hana upp í þræði eða leggjum hana á
hvassa brún, þá þurfum vér að leita ná-
kvæml. að miðju stangarinnar, en þegar
það hefir tekist þá liggur hún lárétt, í
jafnvægi. Hengjum vér svo jafnþunga
hluti sinn í hvern enda hennar heldur
hún jafnv. eigi að síður. Þetta köllum
vér „jafnarmaða vogarstöng" Hún er notuð
við vigtun á hinum svo kölluðu metaskálum
sem er hin einfaldasta vigt, sem til er. Í
þeim er þyngsli lóðsins því ætíð jöfn þyngsl.
byrðarinnar. En það hefir líka sína ókosti
Velti-punktur vogstangar. Sé ætíð helmingi

meiri þunga en þann er vega skal. Þetta gjörir hann með hin. málaung (o.s.frv.) en sérstakl. er þetta mjög óhentugt á handvogum og þegar vega skal þungt. Sá er vigtar [illegible] helmingi meira erfiði en sem nemur byrðinni er vega skal, og móti þvíngum byrðum, leggja mikið erfiði í því að flytja á og af lóðaskálinni jafnvægi byrðarinnar í lóðum þessvegna hafa menn tekið upp á að nota hina „ójafnarmaðu vogarstöng" Vor alþekkta reizla byggist á þessu




Hér er annar vogstangararmurinn 5 sinnum lengri en hinn; af því byrðin hefir áhrifa þann styttri þá þarf ekki þyngra lóð en sem svarar 1/5 byrðarinnar til að halda jafnvægi á móti henni

Hér heldur vigtarinn uppi 12 ℔ í stað þess að halda uppi 20 ℔ með því að vigta

i a b

á [illegible]skálar. – Væri fjarlægðin (styttri armur) helmingi styttri, þyrfti auðv. ekki lóðið að vera nema 1/10 á móti byrðinni, til að halda jafnvægi. — Á þessu jafnvægiseðli ójafnarmaðu vogarstangarinnar byggist einnig Decimalviglin

Viglin heitir þessu nafni*) vegna þess að hluturinn sem vigtaður er, er 10 sinnum þyngri en lóðin, eða með öðrum orðum þungi lóðanna er 1/10 af þunga byrðarinnar. – Tilhögun vigtarinnar er í aðalatriðunum þessi.

[Sjá myndina A á næstu opnu.]

Vogarstöngin er línan C A. Veltipunktur hennar er í O. – Burðarsetið (sá partur vigtarinnar sem byrðin er lögð á) eru tvær tréplötur hver yfir annari. Þær eru báðar hreyfanlegar. Efri platan H D sú sem byrðin hvílir beinlínis á, hylur hina neðri og hvílir á henni aftantil með eggjuðum völlung I, sem snýr einni röðinni niður

*) „Deci" er latneskt orð og þýðir tugur–

Að framan er hin, neðri, sett í samband
við sjálfa vogarstöngina í B með kleypi-
hespunni. BH. er stendur lóðrétt. Neðri
tréplatan (LK) hvílir að aftan, á efstu
brún þríröðungsins K sem festur er við
botninn (undirlagið), en að framan er
hún lengd við neðri enda kleypihesp-
unnar (LA, er stendur lóðrétt, og er efri
hendi hennar með völtum lengdur við
vogarstangarendann (A) gengur hún
uppi gegnum gat, á efri plötunni, sett
fyrir framan lóðréttu tréplötuna EF
(sjá mynd B.)[x] sem kemur í veg fyrir að
klúturinn sem viglaður er komi við
hespuna LA. — Það hafa margir álitið
sem ekki þekkja vogina að byrðin muni
vegast meir ef hún er aftarlega á burðar-
plötunni, viðað ef töl vill við aukna
punda töfu á reizlu, eftir því sem aftar ligg-
ur, en þetta er röng hugmynd. Með þess-
ari tilhögun að hafa burðarplöturnar tvær

x) Fyrri myndin (A) sýnir aðal smíðis tilhögun á viglunni
eða viglunnar áhrifunum við kemur. (Skema)
En seinni myndin B. er sýnir þeglul. Decimalvigt, í fullk. smíði
Hugsast klofin eftir endi löngu.

hafa þær báðar hreyfanl. í þessu innbyrðis
sambandi, sín á milli og við vogarst.
sjálfa á tveimstöðum, þá er séð fyrir því
að á sama stendur hvar byrðin ligg-
ur á burðarpallinum, þá klýtur hún
ætíð að vegast jafnt. — Skulum við at-
huga þetta nánar.




A.




B.

Eins og á reizlunni er sjálf vogarstöngin
ójafnörmuð, og áhrif (þyngdir) byrðarinnar
koma fram á þeim styttri, en lóðin sett
á lengri arminn. Hlutfallið milli lóða-
armsins, og þess armparts (OB) er áhrifin
frá burðarplötunni (efri) berast á i gegnum ...

hleypihespuna (B H) er 1:10 eða 1/10 partur.
En nú er þess að gæta að því aptar sem
byrðin liggur á pallinum eða því nær sem
hún liggur undir skálum efri plötu, því áð-
urgreindum I því léttara hvílir hún á
fremri endanum, á hleypihesp. og á arm-
inum OB, en aptur á móti því þyngra
á I og neðri plötunni (L.K.). Þessi hluti
þungans má ekki tapast, og verður að
nást með í aðalvigtina. En nú er
því einmitt þannig varið að punkt-
urinn I. stendur í sama hlutfalli við
undirlög (L og K.) neðri plötunnar eins
og punkturinn B við O. og A. Með öðrum
orðum fjarlægðin IK er 1/5 af KL, og
fjarlægðin OB er líka 1/5 af OA. Þetta
hlutfall getur verið hærra eða lægra ef
vill án þess að þetta raskist, einungis
að það sé jafnt á báðum stöðum.
En fyrst það er jafnt, þá færist þungi byrð-
arinnar því meir yfir á undir plötuna, og vog-
stangararminn AO að sama skapi sem

hann þrýstar á yfir plötunni og stutta
vogstangararminum BO. — Tökum dæmi
til frekari skýringar þessu. — Liggi nú
byrðin á I með 20 ℔ þrýstingi, þá verk-
ar hann á hleypistöng (hespu) undir plöt-
unnar sem 4 ℔ (20:5=4) af því hlutfallið er
1/5. En þareð vogstangararmurinn OA er
5 sinnum jafnlangur OB, og því helmingur
á móts við lóðaskálararminn (CO) (hlutf. 1:2)
þá má jafna þennan þrýsting þessi 4 ℔ með 2ja
pundalóði á lóðaskálinni, sem táknar 20 ℔
en það er einmitt sá partur af þunga byrð-
arinnar er upphaflega tapaðist frá bein-
um áhrifum efri plötunnar á stutta arm-
inn OB. Að öðru leyti hefir öll byrðin vigt-
ast fyrir bein áhrif á hann, og auðv. komið fram
á lóðaskálinni. — Þetta áreiðanlega samband
og samræmi í verkunum beggja platanna
á arminn OA í heildinni er það sem
gefur Decimalvigtinni sitt mikla gildi
Á myndinni A sýna línur punktaðar
línur hvernig vogin hreyfist þangað til

jafnvægi fast, hver af litlu stöfunum svarar til samhljóða stórs stafs, er sýnir vogina í jafnvægi. T.d. svarar c til C a til A og sýnir hvert, sá punktur hefir farið er hann táknar. Sé fjarlægðin C.c. (það sem armendinn C hefir farist) 1 puml. þá er fjarlægð Aa 5/10 puml. (sbr. hlutf. á milli AO og CO 5/10) og Ll þá einnig 5/10 puml. En þá er líka fjarl. Ii 1/10 p., og þá einnig Bb 1/10 p. því hlutfall þau eru jöfn eins og áður er sagt.*) En fyrst Bb er 1/10 p. á móti Cc 1 puml. þá höfum vér um sönnun fyrir því að byrðin sé 10 sinnum þyngri en jafnvægi hennar í lóðinu. Af þessu er þá auðsætt, að 1 ð lóð á skálinni táknar 10 ð vigt í byrðinni 2ja ð lóð táknar 20 ð. — 50 kvinta lóð (kopar lóð) táknar 5 ð. 10 kvinta lóð 1 ð. og 5 kvinta lóð 50 kvint eða 1/2 ð o.s.frv. Jafnauðsætt er þá hitt að sé lítilsháttar lóð lóðinu yfirum, svo það verki á stykkivogstönginni eins og byrðin þó tilfaldist það ekki heldur haldist því gildi óbreyttu

*) Því platan er því alltaf lárétt þó vogin sé ekki í jafnvægi.

sem liggur lekið á því, viglist með byrðinni og verði því að dragast frá á eftir.

Á myndinni B. ber uppistandarinn H veltipunkt vogstangarinnar. Þar leikur hún á nærnum völlum, sem ráðirnar verður ávalar má búast við að ónákvæmni í vigtuninni þess ber einnig að gæta til þess að rétt viglist að vigtin standi rétt, hallist í enga átt, því það er það sem getur haft verulega ranga vikt með sér, og orsakast það af því að þyngslin geta með því móti nær öll hvílt á einhverri pallþrinunni annaðhvort til hliðanna eða að aftan, og komið því til leiðar að hún standi á sér, þessa ber einnig alvarlega að gæta strax áður en viktað er. Til þess er ofurlítið áhald fest framan á uppistandarann (z á myndinni B) er það oftast eða á flestum lóð sem hangir yfir ofurlítill járnoddi og á að bera nákvæml. yfir hann ef viktin stendur rétt. — Sömuleiðis ber þess að gæta að nákvæml. að vigtin sé í jafnvægi

*) að þungalínan falli ekki lóðrétt og vigtin því standi á sér

„ballanceri“. Tóm þegar hespu er hleypt undan lóðavogstangararminum (Hvíta sést ekki á myndinni). Því þó vigtinni sé rétt stemd frá fyrstu gjörð, þannig að láta skálin og fl. vegi á móti þyngslum tréplatanna, stang-anna og annara hluta hinum megin, og haldi jafnvægi, þá getur þetta með ýmsu móti haggast þó óviljandi sé, bæði vegna bleytu óhreininda og slits. Ráð er líka fyrir þessu gjört, og til þess að halda stöðugt jafn-væginu er málmhnúður (X) er losa má og festa með skrúfnagla, og færa til og frá á vog-stangararminum eftir þörfum.

Það er nú víða orðin nokkurs-sk. kurteisisvenja við verzlanir, sérstakl. [illegible] en mikið (einkum) innlegg er vigtað, að bjóða bónd-anum að líta á vigtina áður. Þetta er ekki einungis vel til fallið heldur sjálfsagt, og engu síður fyrir þá sem lítið innlegg hafa því (þeir) mega engu fremur við tilviljanlegri mis-vigtun, er legið getur í því sem áður er nefnt. Sé það ekki bætt og einmitt fremur þá, er sjálfsagt að krefjast slíks, en þá er nauð-

synlegt að vita hvers er að gæta, og því tók ég þetta fram. Enginn heiðvirður verzl-maður — sem ég leyfi mér að (~~segja um~~ kalla) alla þá er vér skiptum við — hvorki vill né getur haft neitt á móti slíkri nákvæmni bóndans, í þessu tilliti, það þarf alls ekki að vera sprottið af tortryggni til ráðvendni mannsins, heldur af áðurgreindum orsök. Og hví skyldi þá nokkrum manni vera ofgott að vita sannleikann, ~~aiii~~ í því er getur snert hann svo beinlínis.

Ég hefi hér að framan viljað reyna að skýra þetta mál eftir föngum, sem ég veit, (það) er í mörgu ábótavant, einkum gæti þess glöggt og fljótl. í myndunum. Þó vona ég að þær gefi rétta hugmynd ef þær eru nákvæml. lesnar eftir merkjun-um, og jafnframt lesmálinu. — Getur verið að sumum þyki það helst til ólær-fræðis- eða vísindalegt, en með öðru móti en þessu verða myndir ekki útskýrðar sízt skriflega. Ég þykist vita að mörgum

lesendanna þyki þetta mál sér óviðkomandi, og einnig að mögum ykkar hinna sé meira eða minna ljóst áður af því er eg hefi tekið fram, og jafnvel þó í sumu ekkert nýtt í því. Til þeirra nær þetta þá ekki. — En eg hefi séð, og jafnvel staðreynt hversu sumir bændur eru sárlega ófærir í svo einföldum efni sem þetta má heita, og hversu flatir þeir leggja fyrir ef-flinkir og vanir menn vildu nota sér það, að eg vildi ekki að neinn sveitungi minn væri í þeirra tölu.

Að endingu vil eg taka það fram að decimalvigtin virðist hafa svo mikla yfirburði fram yfir aðrar v. að hún hljóti að verða notuð í framtíðinni, og því fremur sem bændum yfirleitt fer að skiljast æ betur og betur, að allt handahóf og ágiskanir í búskapnum eru skaðl. og að hann verður hljóta að byggjast á meir framv. á nákvæmum athugunum, og umbyggðir staðahlut, fólkum hinna ýmsu greina framleiðslunnar, og í samb. við það eru allar líkur til að eftir 20-30 ár verði decimalvigt til á öllum efnaðri heimilum, þó fátækling. hljóti í því sem öðru að notast við ófullkomnari áhöld.

Jón Þ. Bjarnason

# Þau 12 himintákn

Á öllum öldum hafa verið uppi menn er fengist hafa við að segja fyrir um forlög manna. Hve mikinn samleik þeir hafa farið, og fara með er reyndar óvíst. Þó munum vér nútíðarm. og himintákostir vér Ísl. vera gjarnir til að véfengja áreiðanleik þeirra, og höfum vér þar allt það náttúrulögmál er vér um þekkjum, og einnig þekking vora á ófullkoml. og skammsýni hins náttúrl. eðlis, í öllum greinum, var megin til að styðja þá skoðun. — Vanalegir óskiljanl. kynja menn hafa auðvitað verið til og þá getum vér ekki dæmt um, og einnig er óvíst hvað framtíðin leiðir fram eftir vísindakrafta, í þessu sem öðru. — Yfir höfuð að tala hlýt eg að halda því fram að þeir menn sem við slíkt hafa fengist hér á Ísl. og líkl. annarst. líka, hafi einungis viljað týnast, og mest ef þeir hafa álitið sjálfir að

þeir voru einhvers megnugir, og þurgið um
mann til að trúa því einnig, enn allt þeirra
forlaga hjal hafi verið markleus mærð
og fimbulfamb. — Það sem hér fer á
eftir geta því lesendurnir ekki álitið að
sé sett, sem „heilagur sannleiki": því vitanl.
geti allt af skeð að, þar sem margt er sagt
og mörgu spáð, þá gangi eitthvað eftir.
heldur til gamans, og gefa oss ofurlitla
hugmynd um hvernig einhverjum öld-
ungi (?) 17. eða 18. aldar hefir tekist, og hugsast
þegar hann að bagsa við var, að reikna út forlög
allra manna eftir himintunglum og
táknum. — Læt eg hans hreina mál
og fagra orðfæri og setningaskipan, ásamt
öllum hinum aðdáanl. mótsetningum halda
sér svo eg ekki sé orsök í að það tapi
krafti sínum, og gildi!

Þið þarna sem fædd eruð undir
merki vatnsberans, hlustið með
gaumgæfni á hvað hann segir.

1. Vatnsberamerki. Nær frá
20 Janúar til 20 Febrúar. — Hver sem
undir því er fæddur er af Saturnusar
náttúru, langvinnur, heitur og votur
mannlegur með stutt nef og fögur
augu. Þegar hann reiðist talar hann
þó sanngjarnlega. Er „hentuglegur" í
öllum sínum verkum, heiðarlegur
hjá mönnum, líður fátækdóm, er —
sannindafullur, hatar lygi og lygnar
menn. Fær eitt ör á sinn hand legg
og verður oft beztur af sínum bræðr-
um, lifir sína foreldra, og mun elska
kvennfólk. Undir Jómfrúmerki mun
hans dauðastund verða, og þá hann
hefir lifað 30 ár kemst hann til gleði
og hvíldar, og heldur hann henni til
dauðans. Hann hefir sína lýsingi í
ferðalagi og flutningi, og verður snemma
gráhærður. Fær eina konu. Hans sjúk-
dómur veltar sig í honum lengi í
hnjám og brjósti og innyflum, og lifir

hann 32 ár verður hann 80 ára.
Stúlkan hefir sömu náttúru, verður hyggin, og haldinorð. Með stærri mæðu safnar hún auðæfum með sínum bræðrum. Eitt dýr eða hundur gjörir henni skaða. Á 40 ára [illegible] fellur fyrir henni eins og fyrir karlmanninum.

[Framhald hinna 11 merkja síðar]

## Spurningar [úr ýmsum áttum]

1. Hvernig stendur á döggfalli og hélu á jörðu?
2. Hver er munur á orðunum þyngd og þungi?
3. Sé byssa sett lóðrétt niður, og kúlu svo skotið beint upp í loftið. Kemur hún þá ekki beint ofan í hlaupið aftur, og með hve miklum hluta upphafl. hraðans kemur hún
4. Hvernig stendur á því holi er oft myndast yfir þúfunum á vorin á milli svellsins og þúfunnar, á meðan svellið er þó jafnvel nokkurra þuml. þykkt?
5. Hvort er meira rek (Afdrift) á botnbreiðum eða botnmjóum skipum?

## Ferðarþula

[Dróttkveðið]

Um Veðramót árla á fætur
í Skarði mik bar at garði
Innst-um-land á fram í skyndi
of land Meyja hlaut þreyja
lága of nátt upp á óttu
und Steini naut svo beina.
Frá stað fögrum handa hagra
hlít studdr. lítt ridda
leið grýtta at Ljóðhúsum
lífs yndis dýrstu linda
naut ek þar. Nú í flýti
ná stað mér lokst Dala.
Á smábýli und háum Hóli
hann benti þangat venti
þar vegmóðr neitar næði,
næsta kveld at Ingveldar
þars raungóða vini reyndi. —
Á Reykjum hér stend ek keikr. —

Fjallfari.

# Listi

## yfir komudaga, og burtfarardaga Fjallf.

| Tala | Nöfn heimilanna | Kom dag. | Fór dag. |
|---|---|---|---|
| 1. | Veðramót | | 23. Jan. |
| 2. | Skarð | 25. | 26. |
| 3. | Innstaland | 26 | 27 |
| 4. | Meyjarland | 27. | 28 |
| 5. | Steinn | 28. | 29. |
| 6. | Fagranes | 29. | 30. |
| 7. | Hólakot | 30 janúar | 31 jan |
| 8. | Daðastaðir | 31 — | 1 Febrúar |
| 9. | Hólkot | 31. Jan | 1. Febr. |
| 10. | Ingveldarstaðir (syðsti bær) | 1. Febr. | 3. Febr. |
| 11. | Ingveldarst. (miðbær) | 3. Febr. | 6. Febr. |
| 12. | Ingveldarst. (ysti bær) | 6 — | 7 — |
| 13. | Reykir | 7. Febr. | 14. Febr. |
| 14. | Kálfárdalur. Fjallfari | | |

B. Jónsson

5. Ár

# Sveitarbladid Fjallfari

5. Blad